

Tilurð Árstíða – um sögur á einföldu máli

Bókin *Árstíðir* eftir Karítas Hrundar Pálsdóttur kom út árið 2020 og á eftir fylgdu bækurnar *Dagatal* og *Vikuspá*. Í bókunum eru stuttar og aðgengilegar sögur á einföldu máli sem henta þeim sem leggja stund á íslensku sem annað mál. Bækurnar styðja hvort tveggja við tungumála- og menningarlæsi og hlutu þær viðurkenningu Íslenskrar málnefndar árið 2022. Höfundur gerir hér grein fyrir tilurð *Árstíða*.

Markmið og samhengi

Í upphafi setti ég mér skýrt markmið: Að skrifa áhugaverðar sögur fyrir fullorðið fólk sem leggur stund á íslensku sem annað mál. Sögur sem tækju mið af þörfum þeirra og fjölbreyttum bakgrunni. Sögur sem væru ólíkar að innihaldi og stíl, höfðuðu til lesenda og styddu við lestrargleði þeirra með því að veita þeim aukið val. Sögur sem væru á einföldu máli svo lesendur þyrftu ekki stöðugt að fletta upp í orðabók. Það var ljóst að sögurnar þyrftu að vera á viðeigandi getustigi, hvað varðar íslenskan orðaforða og málfræði. Þetta var upp úr 2018 en þá hafði enginn gefið út skáldskap á íslensku með sérstaka áherslu á einfalt mál.

Til að setja stöðu Íslands í alþjóðlegt samhengi þá eru hátt í hundrað ár síðan fræðimenn hófu að setja fram formúlur til að meta auðlæsi enskra texta og í dag geta vefsíður mælt getustig þeirra á fáeinum sekúndum. Á þessum mælingum eru þó gjarnan þeir vankantar að litið er á formgerð tungumálsins án þess að íhuga þátt efnistaka og innihalds. Þá mætti frekar taka nágretta okkar í Svíþjóð, Finnlandi og Noregi til fyrirmyndar. Eins og sagt er frá í bókinni *Handbook of Easy Languages in Europe* frá 2021 starfrækja þeir bókaforlög sem sérhæfa sig í útgáfu bókmennta á einföldu máli og stofnanir sem veita þeim aðhald og stuðning.

Rannsóknarvinna

Ég hóf rannsóknarvinnu mína á því að leggjast yfir tiltækt kennsluefni í íslensku sem öðru máli. Þá las ég stigveldisspá Pienemanns um tileinkun annars máls sem byggir á hugmyndum um stigbundna þróun í máltöku barna. Ég skoðaði síðan hvernig María Anna Garðarsdóttir og Sigríður Þorvaldsdóttir hafa notað kenningar hans í íslensku samhengi. Næst skoðaði ég gagnagrunninn *Klaki* eftir Bjarna Benedikt Björnssonar frá 2018 sem inniheldur lista yfir þann orðaforða sem kemur fyrir í kennsluefninu: *Íslenska fyrir alla*, *Viltu læra íslensku*, *Learning Icelandic* og *Icelandic Online*. Auk þess að skoða þessar bækur og vefsíður fékk ég aðgang að útgefnu efni sem notað er við kennslu íslensku sem annars og erlends máls við Háskóla Íslands, Waseda háskóla í Tókýó og hjá Rauða krossinum, þar sem ég hafði verið annars vegar aðstoðarkennari og hins vegar sjálfboðaliði. Þar áður, sumarið 2017, hafði ég unnið rannsóknarverkefni í Kaupmannahöfn undir leiðsögn Bergljótar Kristjánsdóttur þar sem ég gerði samanburð á framboði á bókmenntum annars vegar fyrir fólk sem leggur stund á íslensku sem annað mál og hins vegar fyrir fólk sem leggur stund á dönsku sem annað mál. Ég kynnti mér sérstaklega bókaútgáfu Bostrup, Gyldendal og Praxis. Þess má einnig geta að í BA-ritgerð minni fjallaði ég um málfræðikennslu íslensku og japönsku sem annars máls á Íslandi og í Japan. Þá skoðaði ég [Evrópurammann](#) sérstaklega vel.

Eftir þessa forvinnu taldi ég mig hafa öðlast góða tilfinningu fyrir máltileinkun og einkennum getustiganna A2 og B1. Ég hóf þá skapandi ritferli þar sem ég hafði getustigin í huga en gætti þess að formgerð tungumálsins fengi ekki meira vægi en skáldskapurinn. Þá nýtti ég mína eigin reynslu og

tungumála- og menningarinnisæi, byggt á því að hafa endurtekið búið erlendis og lagt stund á tungumál, meðvitað og ómeðvitað. Næsta skref í ferlinu var að koma aftur að sögunum mínum, skoða getustig þeirra nánar og gera viðeigandi breytingar á málfræði, setningargerð, orðavali og þess háttar í samræmi við fræðin, til dæmis stigveldiskenningu Pienemanns og meistaraaritgerð Gísla Hvanndals Ólafssonar frá 2016. Seinna bjó ég tilgetustigskvarða til að geta greint sögurnar nánar innan ramma A2 til B1.

Greining og framsetning

Með [getustigskvarðann](#) minn í höndunum fór ég aftur í gegnum allar sögurnar, í þetta sinn til að greina getustig þeirra. Ég gaf hverri sögu númer frá 1 upp í 5. Þegar einstaka sögur uppfylltu skilyrði nokkurra getustiga voru þær flokkaðar með hæsta getustiginu sem þær pössuðu við. Flókið umfjöllunarefni og sérhæfður orðaforði (margrætt eða huglægt) vógu til dæmis þyngra en grundvallarorðaröð og einfaldar sagnir í framsöguhætti nútíðar. Sem dæmi eru sagnir og setningargerð í samræmi við getustig 2 eða 3 í sögunni *Afturhvarf*. Hún fjallar aftur á móti um loftslagsbreytingar og því er orðaforðinn sérhæfður og innihaldið sértækt. Því var við hæfi að setja hana á getustig 5. Niðurstaða greiningarinnar var að á getustigi 1 voru sjö sögur, á getustigi 2 tuttugu og fimm sögur, á getustigi 3 þrjátíu og sjö, á getustigi 4 tuttugu og sex og á getustigi 5 sex. Þó ég hafi ekki ákveðið fyrir fram hversu margar sögur væri viðeigandi að hafa á hverju getustigi endurspeglaði niðurstaða greiningarinnar vel ásetning minn um stigvaxandi lesefni innan A2- til B1-rammans. Mér þótti því ekki ástæða til að létta eða þyngra ákveðnar sögur sérstaklega þegar hingað var komið.

Við framsetninguna á getustigunum fékk ég innblástur frá bókinni *Kort fortalt: Danske prosatekster 1948–1999 frá 2000* sem inniheldur úrval danskra smásagna, meðal annars *En æggesnaps* eftir Tove Ditlevsen. Safnið er ætlað nemendum með dönsku sem annað mál og til að auka aðgengi þeirra að sögunum eru þær flokkaðar í fjögur getustig með tilliti til innihalds og málfars. Sögurnar eru birtar í aldursröð en við hverja sögu er tekið fram með tölustaf frá 1 upp í 4 hvaða getustigi hún tilheyrir. Í *Árstíðum* er sögunum ekki raðað upp eftir aldri eða getustigi heldur þematískt eftir árstíðunum fjórum. Með því vona ég að lesendur velji sér sögu sem vekur áhuga þeirra óháð getustigi og læri þannig eitthvað nýtt á skemmtilegan, óþvingaðan hátt. Getustig hvernar sögu er samt augljóst af þeim fjölda tákna (1 til 5) sem finna má fyrir ofan hvern titil. Hönnun tákna endurspeglar hugmyndafræðina um að lestur sé til yndisauka; þar sem táknin virðast í fyrstu aðeins hafa fagurfræðilegt gildi, þó að í raun sé gildi þeirra fyrst og fremst af hagnýtum toga. Aftast í bókinni geta lesendur síðan fundið yfirlit yfir hvaða sögur tilheyra hvaða getustigi og þannig lesið bókina á hefðbundnari hátt, ef svo má segja.

Umfjöllunarefni *Árstíða*

Auk þess að stuðla að aukinni tungumálapekkingu vonaði ég að sögurnar mínar myndu stuðla að menningarlausni þannig að lesendur kynntust almennum gildum, skoðunum og hefðum á Íslandi. Ég las mér til um hvaða gildi Íslendingar meta mest í bók Gunnars Hersveins *Þjóðgildin* frá 2010 og niðurstöðum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands úr lífsgildakönnuninni *European values study* frá 2012. Þó fleiri gildi hafi veitt mér innblástur eru gildin jafnrétti, virðing, lýðræði, fjölskylda, menntun, vinnusemi/dugnaður og ímyndunarafll/sköpun hvað sýnilegust í *Árstíðum*. Ég fann til ábyrgðar og taldi það skipta miklu máli að sögurnar sýndu margbreytileika, að þær viðhéldu ekki neikvæðum staðalímyndum og að sjónarhorn sem flestra fengi að njóta sín. Því gætti ég þess að sögupersónur hefðu ólíkan bakgrunn hvað varðar aldur, kyn, kynhneigð, þjóðerni og svo framvegis. Til að auka skilning og aðgengi lesenda *Árstíða* að vísunum og menningarlegum skírskotunum, er viðauki aftast í

bókinni þar sem finna má frekari upplýsingar um íslenska siði, hefðir, fólk og annað séríslenskt sem kemur fyrir í sögunum. Við gerð hljóðbókarútgáfu *Árstíða* var einnig markmið að sýna fjölbreytileika. Tólf lesarar, sex konur og sex karlar, á ólíkum aldri og lífsskeiðum voru því valdir til að lesa sögurnar, þar af tveir með íslensku sem annað mál.

Markhópurinn

Ég fékk hugmyndina að því að skrifa *Árstíðir* þegar ég var við japönskunám við Waseda-háskóla í Tókýó. Á þeim tíma hafði ég öðlast töluverða reynslu af tungumálanámi þar sem ég hafði búið í Danmörku sem barn, í Bandaríkjunum sem unglingur, verið á málabraut í menntaskóla og lagt stund á íslensku og japönsku í háskóla. Ég hafði fundið hversu mikilvægt það er að hafa áhugaverðar sögur á viðeigandi getustigi þegar maður lærir nýtt tungumál, sögur sem eru einfaldar en jafnframt spennandi. Eftir að hafa kennt íslensku sem annað og erlent mál áttaði ég mig á því að það var þörf á sögum á íslensku fyrir þennan lesendahóp og ákvað að skrifa mínar eigin. Með öðrum orðum er markmið *Árstíða* að koma til móts við þörfina fyrir sögur á einföldu máli fyrir fullorðna en aðrir hópar geta einnig notið góðs af þeim, þar á meðal fólk með lestrarörðugleika eða með lesblindu. Því þó að efnið sé miðað við lesendur með erlendan bakgrunn eru sögurnar mjög fjölbreyttar og því ættu flestir að geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi. Reynsla mín af því að búa erlendis, læra tungumál og setja mig inn í menningu ólíkra þjóða hefur gert mig nokkuð næma fyrir því sem einkennir íslenskt mál og menningu. Í bókinni vek ég athygli á hversdagslegum aðstæðum og orðalagi sem sumum gæti þótt framandi. Sögurnar geta því ef til vill gefið Íslendingum nýja sýn á eitt og annað sem þeir hafa áður tekið sem gefnu.

Heimildir

Gísli Hvanndal Ólafsson (2015–2016). *Grammar and linguistic structures at Level A1 of Icelandic* [meistararitgerð]. Vrije háskóli.

Karítas Hrundar Pálsdóttir (2020). *Árstíðir: Sögur á einföldu máli*. Una útgáfuhús.

Karítas Hrundar Pálsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir (2017). Tungumál tveggja eylanda: Að hvaða leyti er japanska frábrugðin íslensku? *Milli mála* 9: 149–164.

Pienemann, Manfred (1998). *Language processing and second language development: Processability theory*. John Benjamins.

Sigríður Þorvaldsdóttir og María Garðarsdóttir (2013). [Falltileinkun í íslensku sem öðru máli](#). *Milli mála* 5: 45–72.

Mynd

Árstíðir í snjó. Karítas Hrundar Pálsdóttir.